



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

September 2017



4 september 2017

Nú er skólaárið 2017—2018 komið vel af stað. Nemendur eru glaðir og í sameiningu tökumst við á við námið og lærdóminn.

Tímabundin breyting er á stjórnun Glerárskóla þar til Eyrún Halla skólastjóri snýr aftur úr veikindaleyfi. Helga Halldórsdóttir er nú starfandi skólastjóri, Tómas Lárus Vilbergsson er deildarstjóri—staðgengill skólastjóra og Aðalheiður Bragadóttir er deildarstjóri.

Þessa fyrstu daga skólaársins hafa nemendur verið við leik og störf jafnt inni sem úti. 6.bekkingar byrjuðu skólaárið með Húnaferð og komu allir alsælir úr þeirri ferð.

Útivistardagur skólans var 31. ág. og tókst alveg ljómandi vel þó veðurspáin hafi aðeins leikið með okkur. Sútur, Naustaborgir, Krossanesborgir, Listigarðurinn og nágrenni skólans voru meðal annars áfangastaðir nemenda.

Septembarmánuður framundan og skemmtilegir skóladagar í vændum. Göngum í skólann, hjólavika og samræmd próf í 4. og 7. bekk.

Áherslurnar okkar verða á sínum stað og munum við í samvinnu við heimilin leggja áherslu á alla þá þætti sem byggja grunn að skólastarfi Glerárskóla. Læsið verður í hávegum haft og minnum við forráðamenn á að gleyma ekki í amstri dagsins hversu miklu máli skiptir að lesa með börnunum, sérstaklega á meðan þau eru að reyna að ná tökum á lestrinum sjálf. Setjið því strax inn í dagbókina lestrarstund á hverjum degi og þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.

Í september og október verður framkvæmt ytra mat á skólastarfi í Glerárskóla. Tveggja manna teymi frá Menntamálastofnun mun meta skólann. Markmið með ytra matinu er að vera skólanum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og og kennara í umbótum á eigin starfi, efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla.

Munum svo að:

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Helga, Lalli og Aðalheiður

Göngum saman:

Dagana 6. sept.—20. sept. 2017 tökum við í Glerárskóla þátt í verkefninu Göngum í skólann. Við hvetjum alla nemendur til að koma gangandi, hjólandi eða bara hlaupandi í skólann þessa daga. Umsjónarkennarar skrá virkni nemenda og verðlaun verða veitt til þess bekkjar sem stendur sig best.

1. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- *Gleði*
- *Markmið*
- *Samvinna*
- *Bros*

Efnisyfirlit:

<i>September 2017</i>	1
<i>Göngum í skólann</i>	1
<i>Samræmd próf</i>	2
<i>Ábending</i>	2
<i>Kynningarfundir</i>	2
<i>Lesfímipróf</i>	2
<i>Samræmd Próf</i>	2
<i>Búnaður og eignir</i>	2
<i>Umferðaröryggi</i>	3
<i>Símar og símaúr</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Í september fara fram samræmd próf í 4. og 7. bekk. Prófin eru á rafrænu formi. Menntamálastofnun sér um framkvæmd prófanna og mun skólinn gera sitt besta til að allt gangi vel fyrir sig.

7. bekkur verður í prófum dagana 21. og 22. september n.k. Þá daga er venjubundið skólastarf. Nemendur fara í prófin á skólatíma.

4. bekkur verður síðan í prófum dagana 28. og 29. september en þá daga er venjubundið skólastarf. Nemendur fara í prófin á skólatíma.

Prófin verða samkvæmt eftirfarandi:

Fimmtudagur 21 september: 7. bekkur—íslenska

Föstudagur 22. september: 7. bekkur—stærðfræði

Fimmtudagur 28. september: 4. bekkur—íslenska

Föstudagur 29. september: 4. bekkur—stærðfræði

LESFIMIPRÓF

Lesfimiþróf verða lögð fyrir nemendur í 2. –10. bekk nú í september.

Þessi próf eru hjálpartæki til að meta lesfærni nemenda og veita kennurum stuðning til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Ábending til forráðamanna

Nemendum sem mæta á hjólum, hlaupahjólum eða öðrum farartækjum á hjólum í skólann ber að hafa **hjálmal á höfði**. Ef nemendur hafa ekki hjálmal áskilur Glerárskóli sér rétt til að neita nemanda um að nota tækið í skólanum og jafnvel að biðja forráðamenn að koma og sækja farartækið. Ef nemandi kemur inn í skólahúsnæðið á farartæki á hjólum mun það verða fjarlæggt og/eða haft samband við forráðamenn svo þeir geti komið og nálgast tækið. Hlaupahjól skal geyma utan skólahúsnæðis.

Kynningafundir

Kynningarfundir til forráðamanna.

Fundirnir verða haldnir á tímabilinu 7. –20. sept. og standa kynningarnar frá kl. 8:15—8:55 (nema annað sé tekið fram) og haldnar í umsjónarstofum nemenda.

Umsjónarkennarar munu senda nánari tíma-setningar fljótlega.

BÚNAÐUR OG EIGNIR —ATHUGIÐ VEL!

Við viljum benda forráðamönnum á að öll tæki sem nemendur koma með í skólann, s.s. símar, spjaldtölvur, hjól, hlaupahjól og annar búnaður, eru á ábyrgð heimilis.

Við minnum forráðamenn á að merkja allar eigur nemenda

Útivistardagur Glerárskóla

Fimmtudaginn 31. ágúst var útivistardagur í Glerárskóla. Nemendur skoppuðu og hoppuðu út um víðan völl ásamt starfsfólki skólans.

Dagurinn tókst ljómandi vel í ágætu veðri.



Umferðaröryggi

Kæru forráðamenn!

Vinsamlega áréttið við börnin ykkar að fara varlega í umferðinni, sér í lagi þegar þau koma á farartækjum á hjólum í skólann.

Áriðandi er að ALLIR NOTI HJÁLMA og einnig er vert að minna á að bílastæðið við skólann getur verið varasamt á morgnana þar sem umferð bíla er þar þó nokkuð mikil og oft alltof hröð.

Í leiðinni minnum við á að heilsusamlegt er fyrir börnin að ganga eða hjóla í skólann en ef þið forráðamenn komið akandi með börn til/frá skóla biðjum við ykkur að aka varlega á bílastæðinu, leggja bílunum og drepa á þeim ef þið þurfið að bíða um stund.

Helstu viðburðir í september og október 2017

- 8. september: Dagur læsis
- 16. september: Dagur íslenskrar náttúru
- 21. –22. september: Samræmd próf í 7. bekk
- 26. september: Evrópski tungumáladagurinn
- 28. - 29. september: Samræmd próf í 4. bekk
- Ódagsett: Norræna skólahlaupið

- 27. og 30. október: Haustfrí
- 31. október: Skipulagsdagur

Símar og símaúr

Aðeins hefur borið á því að yngri nemendur séu með síma og símaúr. Foreldrar hafa verið að hringja í börnin sín á kennslutíma.

Börnin eru í öruggum höndum hjá okkur og ef þið þurfið að ná til barna ykkar eru Brynja/Halla við símann hjá okkur og taka glaðar við skilaboðum til nemenda.

„Án menntunar hjartans er engin menntun!”

Sókrates



**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is

Við erum á Facebook:
Glerárskóli